



Alþingi – nefndarsvið
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2023

Efni: Umsögn HMS um frumvarp til laga til breytinga á umferðarlögum (EES-reglur, ökutæki og fl.) – 400. mál

Vísað er í umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 10. nóvember 2023 um frumvarp til laga um umferðarlög (EES-reglur, ökutæki o.fl.), 400. mál. Eftirfarandi er umsögn Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar (hér eftir HMS).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Húsnaðis- og mannvirkjastofnun taki að sér að annast markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og öðru þeim tengdu og gegni stöðu markaðseftirlitsyfirvalds líkt og það er skilgreint í reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018. Sem markaðseftirlitsstjórnvaldi bæri HMS að framkvæma reglulegar athuganir til að sannprófa að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur. Slíkar athuganir eru annars vegar framkvæmdar með sannprófun skjala og hins vegar með prófunum á rannsóknarstofu og á vegum úti. Gert er ráð fyrir að lágmarki fimm prófunum árlega. Er aðildarríki heimilt að semja við markaðseftirlitsyfirvald annars aðildarríkis um að annast prófanir fyrir sína hönd.

Í áhrifamatskafla frumvarpins kemur réttilega fram að gera verði ráð fyrir auknum og óhjákvæmilegum kostnaði hjá HMS vegna markaðseftirlits og prófunar ökutækja samkvæmt reglugerðinni. Sá kostnaður er talinn vera um 20 millj. kr. á ári. Það er mat HMS að þar sé um verulega vanáætlun að ræða. Að mati HMS yrði kostnaður vegna kaupa og prófana á ökutækjum aldrei lægri en 60 m.kr. á ári ef gert er ráð fyrir a.m.k. fimm prófunum á ári. Þá hefur ekki verið horft til aukins kostnaðar vegna stöðugilda hjá stofnuninni til þess að sinna þeim verkefnum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Kostnaðarmatið í frumvarpinu byggir á frummati unnu af Samgöngustofu á kostnaði stofnunarinnar við að taka að sér þessi verkefni. Frummatið er dagsett í júní 2022 og kemur þar fram að áætlað sé að kostnaður við prófun á einu ökutæki væri um 65.000 evrur, kostnaður við aðstöðu á stað um 5.000 evrur og að kostnaður við ökutæki til leigu væri í kringum 6.000 evrur en meira ef ökutæki væri keypt. Kostnaður við prófun á einu ökutæki væri því að lágmarki 76.000 evrur eða um 12 millj. kr. Kostnaður við prófun á fimm ökutækjum (sem er lágmarkið skv. frumvarpinu) yrði því um 60 millj. kr. Þá á eftir að gera

ráð fyrir kostnaði við stöðugildi sem Samgöngustofa mat að gæti verið hálf staða eða um 12 millj. kr. á ársgrundvelli. Miðað við þessar forsendur, sem lágu til grundvallar við gerð mats á áhrifum frumvarpsins, er árlegur kostnaður vegna frumvarpsins að lágmarki 72 m.kr.

Í ljósi þess að gerð var krafa um að HMS hagræddi sem nemur um 400 m.kr. í rekstri árið 2024, sem eru um 260 m.kr. umfram almennu aðhaldskröfu ríkisins, er ómögulegt að sjá að stofnuninni sé mögulegt að sinna þessu verkefni nema viðhlítandi fjárheimildir fylgi.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Anna Guðmunda Ingvarsdóttir,
aðstoðarforstjóri